

Ár 2009, föstudaginn 17. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, F, kveðinn upp í máli nr. S-755/2008:

Ákærvaldið

*(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)*

gegn

X

*(Sigurður Jónsson hrl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var þann 27. janúar 2009 og dómtekið 7. apríl sl., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. nóvember 2008, á hendur X, kt. 000000-0000, D,

„fyrir kynferðisbrot, með því að hafa, í eitt skipti í maí, júní eða júlí 2003, á ofangreindu heimili sínu, látið Y, þá 12 ára, hafa við sig munnmök og haft samræði við drenginn í endaparm.

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Í málinu gerir Y, kt. 000000-0000, kröfu um skaðabætur að fjárhæð 5.541.574 krónur auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 25/1987 frá tjónsdegi til þess dags er ákærða var kynnt krafan, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði krefst sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna og að þau verði greidd úr ríkissjóði ásamt virðisaukaskatti.

Þann 27. nóvember 2008 var Tómas Zoëga geðlæknir dómkvaddur til að meta sakhæfi ákærða nú og eftir atvikum á tímabili því sem í ákæru greinir, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Voru niðurstöður Tómasar lagðar fram í þinghaldi þann 12. febrúar sl. Aðalmeðferð í málinu hófst þann 20. mars sl., en var frestað til framhaldsaðalmeðferðar til 27. mars sl. Af hálfu verjanda ákærða var þess krafist að fjölskipaður dómur hitti ákærða en ákærði, sem dvelst á dvalarheimilinu Á, neitaði alfarið að mæta aftur fyrir dóminn. Var málinu því frestað og fór dómurinn að Á þann 7. apríl sl. og hitti ákærða fyrir. Í framhaldi fór fram munnlegur málflutningur og var málið dómtekið að málflutningi loknum.

## I.

Upphaf máls þessa er að þann 7. janúar 2008 ritaði E, félagsmálastjóri K-bæjar, lögreglunni á F bréf þar sem greint var frá því að G, stjúpaðir Y, hefði leitað til hennar og tjáð henni að Y hefði upplýst hann um kynferðislega misnotkun á sér þegar hann var tíu eða ellefu ára gamall. Skýrsla var tekin af Y í Barnahúsi þann 28. janúar 2008. Í framhaldi voru skýrslur teknar af vitnum og að rannsókn málsins lokinni var gefin út ákæra. Við þingfestingu málsins krafðist verjandi ákærða þess að dómkvaddur yrði matsmaður sem mæti sakhæfi ákærða nú og eftir atvikum á tímabili því sem í ákæru greinir, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var Tómas Zoëga geðlæknir dómkvaddur þann sama dag og skilaði hann matsgerð þann 5. febrúar sl., sem lögð var fram í málinu 12. febrúar sl.

## II.

### ***Skýrslur í Barnahúsi og fyrir lögreglu.***

Brotapoli kom í Barnahús þann 28. janúar 2008. Brotapoli er fæddur í I en hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1998. Litast málfar brotþola nokkuð af því. Sagðist honum svo frá að hann hafi farið út að ganga með hund sem hét J og hann átti. Minnti hann að hann hafi verið í sundskýlu en hún hafi verið með myndum af skjaldbököm á. Hafi hann ætlað að fara upp í M sem sé í V, þar sem krakkarnir voru vanir að synda. Hafi hann verið kominn upp að L þegar J slapp. Þá hefði maður byrjað að öskra á hann en hann hefði þá ekki skilið íslensku vel. Hefði maðurinn talað um að hundurinn hans ætti að vera dauður þar sem hann væri illa upp alinn. Brotapoli kvaðst hafa reynt að biðjast afsökunar, en það ekki gengið í fyrstu en maðurinn síðan róast. Kvaðst brotþoli áður hafa heyrt mikið talað um þennan mann og þá frekar illa og því vorkennt honum og reynt að vera góður. Hafi þeir gengið í áttina að húsi mannsins og verið komnir að því þegar maðurinn spurði hvort hann vildi fá smá pening fyrir nammi. Brotapoli kvaðst auðvitað hafa viljað það en ekki kunnað við að þiggja pening af manningum. Maðurinn hefði þá spurt hann hvort hann gæti ekki farið með smá rusl út fyrir hann, sem brotþoli kvaðst hafa samþykkt. Hefði hann aðallega verið að hugsa um að koma í veg fyrir að hundurinn hans þyrfti að deyja. Maðurinn hefði sagt honum að ruslið væri úti í enda til vinstri í húsinu. Brotapoli hefði farið inn í herbergið, sem hefði verið fullt af fréttablöðum eða morgunblöðum, og hafi hann ætlað að taka þau þegar maðurinn lokaði hurðinni. Á þessum tíma kvaðst brotþoli hafa heyrt sögur sem segðu að krakkar væru teknir og sæust aldrei aftur. Hann hafi þá haldið að hann væri einn af þeim og því orðið mjög hræddur. Hafi hann bankað á hurðina og reynt að spyrja, en

verið grátandi og mjög hræddur og ekki vitað hvað væri í gangi. Brotapoli kvaðst hafa heyrt manninn ganga um húsið en síðan opnað dyrnar inn í herbergið og sagt honum að fara inn í annað herbergi, sem brotapolí hafi gert. Þegar hann var kominn inn í herbergið hefði maðurinn tekið fast í öxlina á honum og sagt honum að fara úr fötunum, sem hann hefði einnig gert. Brotapoli kvaðst ekki hafa skilið hvað væri að gerast. Maðurinn hafi sagt eitthvað, sem brotapolí kvaðst ekki hafa skilið, hann hefði vitað eitthvað um kynlíf en þarna vissi hann ekki hvað var að gerast. Þetta hafði ekki staðið lengi. Síðar í viðtalinu skýrði brotapolí svo frá að maðurinn hefði rennt rennilásnum niður á buxunum sínum og sett typpið upp í munninn á brotapolá. Síðan hefði maðurinn snúið honum við í rúminu, náð svo í sleipiefni sem hann hefði sett á typpið á sér og rassinn á brotapolá. Kvaðst brotapolí þá ekki hafa vitað hvað maðurinn náði í, vegna ungs aldurs síns, en hann kallaði það gel. Þegar hann hefði sett það á rassinn á sér hefði hann vitað hvað í vændum var. Maðurinn hefði sett hendurnar á sér ofan á hann og fyrir munn og hafi þetta staðið í smátíma. Þegar maðurinn var búinn hefði hann farið strax fram en brotapolí verið eftir, grátandi og mjög hræddur og mjög illt í rassinum. Kvaðst hann ekki hafa vitað hvort eitthvað enn verra væri í aðsigi. Maðurinn hefði síðan komið aftur í herbergið með hníf með sér og látið brotapolá leggjast á rúmið og sett hnífinn við typpið á honum. Maðurinn hefði síðan spurt hann hvort hann vildi fara. Brotapolí kvaðst ekki hafa svarað neinu. Síðar í viðtalinu kvað hann manninn hafa verið með svartan eldhúshníf, ekki hættulegan, og leikið sér að typpinu á brotapolá með honum. Taldi brotapolí að það væri bara grín hjá mannum að bjóða honum að fara þar sem hann var viss um að hann myndi aldrei fara þaðan aftur. Maðurinn hafi þá aftur spurt sig hvort hann vildi fara og brotapolí þá játað því. Hafi hann verið mjög þakklátur fyrir að fá að fara. Maðurinn hefði farið með hann bakdyramegin út og sagt honum að hann mætti ekki segja nokkrum frá, hann hefði drepit áður og hann myndi drepa móður hans, pabba og J ef hann segði frá. Brotapolí kvaðst hafa farið aftur upp í L og farið á felustaðinn sinn. Hefði hann reynt að búa til afsökun fyrir því af hverju hann gæti ekki gengið almennilega, til að segja móður sinni, og það tekist. Hann hefði engum sagt frá þessu fyrr en hann sagði stjúpföður sínum frá þessu snemma á árinu 2008. Þá kvaðst brotapolí hafa verið með stúlku og haft mikla þörf fyrir að segja henni frá atvikinu en ekki þorað það. Hefði þessi hugsun sótt mikið á hann aftur og aftur. Hefði hann byrjað að reykja hass vegna þessa þar sem menn þurfi þá ekki að hugsa neitt. Kvaðst hann síðar hafa viljað fara frá K og eitt sinn, þegar stjúpfaðir hans vildi ræða við hann um mistök og annað, hefði hann sagt honum frá atvikinu. Kvaðst hann hafa verið í vafa í byrjun en fósturfaðir hans hvatt hann til að létta á sér. Kvaðst brotapolí hafa velt því fyrir sér hvort hann ætti að segja frá, þar sem hann taldi sig vera að missa allt og vera orðinn geðveikur vegna þessa. Þá hafi hann á þeim tíma verið með sjálfsvígshugsanir. Aðspurður um húsaskipan hjá mannum, lýsti brotapolí henni þannig að fyrst væri komið inn í anddyri, og inn af því væri stofa. Maðurinn hafi sagt sér að herbergið sem blöðin voru í væri úti í enda til vinstri. Þangað hefði brotapolí gengið og hefði svefnherbergi mannsins verið beint á móti því herbergi. Minnti brotapolá að í því hefði verið eitt frekar stórt rúm og að herbergið væri bleikt. Brotapolí kvaðst ekki muna hvernig það hafi komið til að félagar hans fundu sundskýluna hans í bakgarðinum hjá ákærða. Brotapolí kvaðst hafa farið, nokkru eftir að hann sagði foreldrum sínum frá atvikinu, með N vini sínum heim til ákærða í þeim tilgangi að drepa hann. Brotapolí kvaðst hafa verið með hníf og hefðu þeir félagar farið inn til ákærða og inn í eldhús þar sem hann sat. Þegar á hólminn var komið hefði brotapolí ekki þorað að ganga lengra og því snúið við og farið út. Kvaðst hann alla tíð hafa forðast ákærða frá því atvikið gerðist og hann hefði aldrei farið í sömu föt aftur.

Brotapoli kvaðst hafa reynt að breyta sér í einhvern annan eftir atvikið til að ákærði myndi ekki þekkja hann aftur. Hann hefði safnað hári, sett í sig „dreadlocks“, hann hefði gatað sig, sett lokka í varirnar og víðar í andlitið, hann hefði sett í sig augnlinsur og rakað augabrúnirnar, allt til að ákærði eða aðrir myndu ekki þekkja hann aftur. Þá hefði hann aldrei viljað fara til sálfræðings af hræðslu við að segja frá.

O, móðir brotþola, sagði hjá lögreglu að brotþoli hefði verið eðlilegur og glaður strákur, gert allt sem hann átti að gera, farið út með hundinn og verið mjög þægilegur í alla staði sem barn. Árið 2003 hafi farið að koma upp atvik í skólanum tengd brotþola og þau farið á fundi með skólasálfræðingi í K. Hefði breytt hegðun brotþola verið rædd og reynt að finna skýringar á sambandi brotþola og foreldra hans. Þá hefðu þau leitað aðstoðar sálfræðings í Reykjavík en allt verið til einskis, brotþoli hafi orðið erfiðari og erfiðari. Stöðugt hafi smámál verið að koma upp, bæði í skólanum og utan hans. Þá hafi farið að bera á einbeitingarskorti hjá brotþola, athugað hafi verið hvort hann væri flogaveikur og hann farið í alls kyns próf. Þá hefði brotþoli breytt um stíl, farið að klæðast öðruvísi, byrjað að klæðast svörtu, litað herbergi sitt blóði, kastað rauðum slettum á einn vegginn, hann hefði byrjað að meiða sig og hann hefði gatað sig sjálfur. Í kringum fermingu hans hefði hún ætlað að lýsa herbergi hans upp og fengið til þess listamann en brotþoli eingöngu viljað láta mála myndir af hauskúpum og dökkum hlutum á veggina. Brotþoli hafi byrjað að fá reiðiköst, ofsareiði, og farið að efast um kynferði sitt. Eftir sumarið 2003 hefði brotþoli hlustað mikið á lag með hljómsveitinni Korn sem heitir Daddy og fjallar um nauðgun. Brotþoli hafi hlustað á þetta lag aftur og aftur. Kvað hún hundinn J hafa verið aflífaðan eftir að hann beit „x“ en brotþoli hefði þvertekið fyrir að fara út að ganga með nýja hundinn þeirra. Þá mundi hún eftir því að bekkjarfélagar brotþola hefðu fundið sundskýluna hans í garðinum heima hjá ákærða nokkru síðar. Um jólin 2007 hefði brotþoli látið í ljós sjálfsvígshugleiðingar og hefði hann verið búinn að missa allar tilfinningar fyrir sjálfum sér og öðrum. Hann hafi verið mjög reiður, öskrað á hana og óskað þess að einhver myndi skjóta af honum andlitið.

G, fósturfaðir brotþola, sagði frá á svipaðan hátt fyrir lögreglu.

Ákærði neitaði sök fyrir lögreglu. Kvað hann þetta algjöran uppspuna. Aðspurður um það hvort hann hafi beitt dreng kynferðislegu ofbeldi svaraði ákærði svo: „Nei, ég hef ekki haft kynmök við kvenmann í 30 ár og því síður við karlmann. Ég hef lifað heilögu lífi.“ Ákærði kvaðst hafa verndara sem væri andavera, gyðja. Ákærði lýsti herbergjaskipan á heimili sínu þannig að stofan væri fyrst þegar komið væri inn úr forstofunni og eldhús hægra megin. Svefnherbergi væri vinstra megin á ganginum, þrjú herbergi væru í íbúðinni og væri herbergi hans innst hægra megin á ganginum. Hin herbergin tvö væru skrifstofa og eitt herbergið væri ónotað. Ákærði kvaðst ekki kannast við það að hundur hafi veist að honum á árinu 2003. Aðspurður um það hvers vegna einhver væri að ljúga upp á hann sök, kvað ákærði fólk hafa ímugust á sér, drengir að hluta til, og það sé líklega þess vegna sem brotþoli ljúgi upp á sig. Svo segir: „Ég er alveg bölvun. Hann er hertur eins og ég sagði þér, harðsvíraður, segir verndari minn, lætur sér ekki allt fyrir þrjústi bera þessi drengur.“ Aðspurður kvað hann engan dreng hafa komið í heimsókn til sín eftir þann tíma. Þá hafi enginn heimsótt hann sl. vetur og hann ekki í samskiptum við nein ungmenni. Ákærði kvaðst hafa einangrað sig alveg eftir að hann flutti til K fyrir um þrjátíu árum. Hann hafi ekki samskipti við nokkurn mann nema fjölskyldu

sína, systur sínar og móður.

III.

### **Skýrslur sérfræðinga og önnur gögn.**

Í gögnum málsins liggur fyrir vottorð Tómasar Zoëga geðlæknis. Er þar haft eftir ákærða að hann hafi hætt að vinna árið 1978 og þá verið „beint inn á við“ eins og hann orði það sjálfur. Hann hafi byrjað að stunda trúarbrögð og geimvísindi. Hann hafi flutt til K og keypt þar hús. Ákærði hafi hætt öllu sambandi við konur er hann flutti til K 1978. Á árinu 1988 hafi hann fengið samband við verndara sinn og gyðjurnar tvær sem hafi þá verið að tala inn á huga hans. Ákærði tali um að hann hafi hætt að aka bíl árið 1978, en lifað á eignum sínum næstu 10 árin en þá hafi peningarnir verið búnir. Þá hafi helgistjórnin sent hann á geðsjúkrahús, hann hafi skotið á mann en verið „handleiddur“ til að gera það, allt gert í þeim tilgangi að koma honum á örorku. Er haft eftir ákærða að þetta hafi verið nágranni hans og endurtekur ákærði í samtali sínu við Tómas að hann hafi verið innblásinn til að drepa nágranna sinn en hann hafi verið heppinn að það hafi ekki tekist. Ákærði kveðst hafa verið lagður inn á geðdeild í tengslum við þessa skottílaun og hafi fengið sprautur einu sinni í mánuði í mörg ár eftir það. Hann hafi hætt að fara í sprautur fyrir rúmu ári. Ákærði segir í byrjun viðtals við Tómas um sakarefnið að það sé allt tóm lygi frá upphafi til enda. Ákærði sé innblásinn af guðunum og guðirnir hafi fengið hann til að gera þetta til að reyna hann sjálfan. Ákærði sé undir eftirliti tveggja gyðja, Solla og Geraldine, og hafi verið undir vernd þeirra í 20 ár. Solla sjái um hann á daginn en Geraldine á nóttunni en undanfarin 20 ár hafi hann verið í stöðugu sambandi við þessar gyðjur og ræðir um að sambandið sé huglægt. Hann tali um að gyðjurnar yfirtaki huga hans og stjórnir honum alveg. Á köflum þíni þær hann og píski. Yfir þessum gyðjum sé helgistjórn jarðar sem veiti honum innblástur og stýri þessu öllu. Það séu sex guðir og sex gyðjur sem myndi helgistjórnina og aldur þeirra sé 4-8 milljarða ára. Segir ákærði að verndari hans hafi sagt honum að hætta á lyfjum og líklega hafi það verið „Solla“ sem hafi sagt honum það en haft er eftir ákærða að hann sé undir sérgæslu guðanna. Guðirnir hafi ákveðið að láta reyna á ákærða sérstaklega, meðal annars með því að láta hann léttast, en verndararnir hefðu komið inn og séð að hann hafi nú byrjað að borða. Kemur fram í vottorðinu að ákærði hafi verið látinn komast í samband við dópista og hann látið dópistann hafa peninga reglulega alla tíð síðan. Tilgangurinn væri sá að gera ákærða að öreiga eins og Krist og spámennina. Þá kemur fram að í innlögn ákærða á geðdeild 1987 hafi hann fengið sjúkdómsgreininguna paranoid schizophrenia (aðsóknargeðklofi). Hafi hann þá verið með miklar ofsóknarhugmyndir um skipulagðar aðgerðir gagnvart misindismönnum og kenndi þá meðal annars guðunum um tvö vélhjólaslys sem höfðu orðið ári áður. Ákærði hafi aftur verið lagður inn á geðdeild á árinu 2008 og þá fengið sömu sjúkdómsgreiningu. Í þessari innlögn hafi komið fram miklar ranghugmyndir af sama toga og í fyrri innlögn. Um geðskoðun segir í vottorði Tómasar að um grannvaxinn, rólegan karlmann, sem beri aldurinn vel, sé að ræða, snyrtilega klæddan, augljóslega ágætlega gefinn, kurteisan og hjálplegan í viðtali. Hann sé með flókið fast ranghugmyndakerfi sem einkennist af trúarhugmyndum og segist fyrir nokkrum árum hafa verið innblásinn til að hengja sig en ekki gert það. Hann hafi lesið Morgunblaðið reglulega þegar hann bjó í K, lesi Fréttablaðið af og til en fylgist hvorki með útvarpi né sjónvarpi. Hann sé greinilega vel með á nótunum hvað sé að gerast í þjóðfélaginu. Hann hafi kosið Sjálfstæðisflokkinn alla tíð en

hætt því fyrir nokkrum árum því Solla hafi verið á móti því. Hlutverk hans í lífinu sé að leysa lífsgátuna með því að opinbera líf og tilveruna. Hann sé langt kominn með að leysa þessi mál og kveðst ætla að birta grein um þetta síðar á árinu í Morgunblaðinu. Sjúkdómsgreining Tómasar er Paranoid schizophrenia. Í niðurstöðum vottorðsins kemur fram að ákærði hafi átt við alvarlegan geðklofasjúkdóm að stríða um áratuga skeið. Sjúkdómurinn einkennist af miklum og flóknum ranghugmyndakerfum, en þau kerfi séu að megninu til af trúarlegum toga. Hann telji sig vera undir stjórn æðra máttarvalds og eftir því sem best verði séð hafi þessi einkenni verið stöðug í að minnsta kosti 20-30 ár. Ákærði neiti afdráttarlaust þeim ásökunum sem hann sé ákærður fyrir. Af þeim sökum sé erfitt að meta hvort alvarleg geðveiki hans sé af því tagi að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum á þeim tíma sem meint brot sé talið hafa átt sér stað. Þá segir að með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga sé það álit undirritaðs að ákærði sé með mjög alvarlegan og langvinnan geðsjúkdóm. Hann hafi ekkert sjúkdómsinnsæi og það sé mat undirritaðs að það sé borin von að refsing geti borið árangur ef sök sannist á ákærða. Þá sé mikilvægt, ef þess sé nokkur kostur, að meðferð og umönnun, sem hann nú fái á hjúkrunarheimilinu á Á, megi halda áfram. Þangað komi geðlæknir með reglulegum hætti og fylgist með lyfjamerðferð og annarri meðferð sem veitt er.

Þá liggur fyrir vottorð frá dýralæknaþjónustu Suðurlands ehf., þar sem kemur fram að hundurinn J, nr. 49, hafi verið aflífaður 12. júlí 2003.

Einnig eru ljósmyndir í gögnum málsins teknar að D, í K, heimili ákærða. Kemur þar fram að veggir í gangi eru málaðir bleikir. Þegar komið er inn eftir herbergisganginum er salerni fyrst til vinstri og herbergi innst til vinstri. Á móti því er svefnherbergi ákærða sem er blámálað. Þá sést á ljósmynd að dagblað hefur verið hengt yfir ljósaperu sem skermur og kemur fram í texta við myndina að gömul dagblöð hafi verið víða í húsinu.

Í bréfi Ó, lækni hjá HSU á F, kemur fram að hann þekki ákærða ákaflega lítið og hafi aðeins sinnt honum lítið vegna sprautumeðferðar sem hann hafi fengið við geðklofasjúkdómi sínum. Hann hafi til fjölda ára haft greininguna schizophrenia, geðklofasjúkdóm, og fengið meðferð hjá þeim með mánaðarlegum sprautum. Þetta hafi gengið mjög vel og einkenni verið lítil. Sjúkraskrár HSU hafi verið tölvuvæddar frá árinu 1997 og síðan þá hafi ekki verið neitt vandamál með ákærða. Hann hafi fengið sínar sprautur og gengið þokkalega. Hann hafi hins vegar verið í sambandi við HSU þann 9. nóvember 2007 og sagst ekki ætla að koma í sprautur oftár þar sem verndargyðjan hans hafi læknað hann. Hafi ákærði sagt það sama þann 12. nóvember 2007 en þá hefði hann hringt.

Í greinargerð E, félagsmálastjóra í K, kemur fram í niðurstöðum að mál Y hafi verið til vinnslu hjá barnaverndarnefnd frá árinu 2005 með hléum. Hafi Y átt við erfiðleika að stríða í samskiptum við foreldra, hann hafi orðið fyrir einelti, sé með lágt sjálfsmat, þ.e. gefist mjög fljótt upp ef á móti blási. Hann hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi ellefu ára gamall sem hann hafi nýlega sagt frá. Y hafi átt í talsverðum erfiðleikum fyrir þann tíma, þ.e. hann hafi orðið fyrir einelti og hafi haft lítið sjálfstraust, en eftir þennan atburð hafi vandi hans farið stigvaxandi og því miður enginn sem hafi greint vandann rétt. Y þurfi að vinna úr þessari erfiðu reynslu og takast á við vímuefnavanda sinn. Hann þurfi að fá stuðning til að takast á við daglegt líf eins og vinnu, fjármál og fleira. Y sé tilbúinn núna til að horfast í

augu við vanda sinn og vilji taka á honum.

Í skýrslu frá Barnahúsi kemur fram að brotapolí hafi á tímabilinu frá 4. febrúar 2008 til 13. júní 2008 sótt sjö viðtöl hjá Margréti K. Magnúsdóttur sálfræðingi, ýmist í Barnahúsi eða á skrifstofu barnaverndar K sem og á Stuðlum. Í skýrslunni kemur fram að brotapolí hafi K og reyni að vera sem minnst þar. Reyni hann að fara þaðan eins oft og hann geti og á þeim ferðum hafi hann komist í slæman félagsskap. Hann fari á puttanum á milli K og Hafnarfjarðar. Hann hafi kynnst stúlku á hans aldri í Hafnarfirði og sé ánægður með að hún vilji ekki kynlíf, heldur bara knús og kossa. Hann vilji komast frá K þar sem hann eigi enga vini, finnst hann ekki geta byrjað á neinu þar og „karlinn“ búi þar enn. Hann langi til að leigja sér herbergi í bænum, hann hafi fengið vinnu þar og sé ánægður með það og vilji vinna í sínum málum. Hann telji sig þó ekki geta unnið í sjálfum sér á meðan hann búi enn í K, þar sem allt of margt sé þar sem minni hann á erfða og neikvæða hluti. Rætt hafi verið um sjálfsmynd brotapóla, sem sé mjög brotin og hafi hann sagt frá því hvernig hann reyndi að „fela“ litla særða drenginn inni í sér með því að breyta útliti sínu, gata sig, mála sig, lita hárið og fleira, en með því fyndist honum hann geta látið sjálfan sig hverfa og verða einhvern annan.

Brotapolí var látinn svara spurningalista Becks<sup>1</sup> og benti niðurstaðan til mikillar geðlægdar. Þá svaraði hann spurningalista Becks<sup>2</sup> en sá listi er sjálfsmatskvarði til að kanna sjálfsmat, kvíða, þunglyndi, reiði og truflandi hegðun. Brotapolí hafi mælst hátt yfir greiningarviðmiðum á öllum mældum þáttum nema þeim þætti sem mæli sjálfsmat þar sem hann hafi mælst langt undir meðaltalssvörun. Í samantekt og álit kemur fram að eiginleg meðferð vegna meints kynferðisofbeldis hafi ekki enn hafist þar sem ekki hafi tekist að skapa réttar forsendur til þess. Í því samhengi er nefndur stöðugur flótti hans frá dvalarstað sínum, K, vegna vanlíðunar þar og vondra minninga, sem og flótti frá sjálfum sér með neyslu. Viðtöl og niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi leitt í ljós að brotapolí glími við fjölmörg vandamál sem sjá megi hjá þolendum kynferðisofbeldis, m.a. depurð, þunglyndi, kvíða, tilfinningaleg vandkvæði, félagsleg vandamál, hegðunarvandamál, athyglis- og einbeitingarerfiðleika, sjálfskaðandi hegðun og brotna sjálfsmynd. Brotapolí tengi sjálfur vandamál sín við meint kynferðisofbeldi, sem hann hafi oft hugsað um þótt hann reyni að forðast það. Fyrsta tilraun brotapóla til að treysta einhverjum fyrir reynslu sinni hafi farið á þann veg að vinur, sem hann treysti fyrir meintu kynferðisofbeldi, hafi svikið hann og sagt frá því víða og í kjölfarið hafi brotapolí verið kallaður hommi og sagt að hann hafi „fílað“ að láta nauðga sér. Brotapolí hafi upplifað mikla höfnun frá vinum og leitað í óæskilegan félagsskap. Því hafi fylgt óæskileg hegðun sem hafi skilað sér í fjandsamlegu viðmóti í bænum, sem sé arfur af því að brotapolí líði illa í K. Þá sé sjálfsmynd brotapóla verulega brotin og tali hann sjálfur um að hann viti ekki hver hann sé. Um tíma hafi hann gengið langt í því að reyna að breyta sér í þeim tilgangi að fela sig, látið sig hverfa og/eða verið einhver annar en hann sé. Hann hafi farið að mála sig og lita hárið, gata sig (piercing) allan í framan og klæðast öllu svörtu í svokölluðum Goth-stíl. Hann hafi gatað sig sjálfur og notað til þess nál en slíkt sé dæmi um sjálfskaðandi hegðun sem oft megi sjá hjá þolendum kynferðisofbeldis. Hann sækist einnig í að breyta hugarástandi sínu með neyslu, sem sé annað dæmi um sjálfskaðandi hegðun. Brotapolí sé afskaplega ráðvilltur ungur maður og lýsi hugtakið „týndur“ ástandi hans kannski betur. Hann langi til að líða betur og finna einhverja fótfestu í lífinu og eitthvert markmið til að stefna að, en til þess að vinna að því þurfi hann fyrst að finna frið með sjálfum sér og sálarró. Í lok skýrslunnar segir að ætla megi að meint

kynferðisofbeldi hafi valdið brotaþola miklum skaða og hafi haft áhrif á persónuleika hans og þroska, viðhorf og lífssýn. Það sé óvíst að hann muni nokkurn tíma bera þess bætur. Rannsóknir sýni að brýnt sé að þolendur kynferðisbrota sæki viðtalsmeðferð um lengri eða skemmri tíma til að draga úr þeim afleiðingum sem slík reynsla hafi í för með sér.

#### IV.

##### *Skýrslur fyrir dómi.*

Ákærði mætti fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði sök. Ákærði neitaði að mæta fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins. Að kröfu verjanda ákærða fór dómurinn að dvalarheimilinu Á, þar sem ákærði dvelur, þann 7. apríl sl., og hitti ákærða þar fyrir. Að gættum réttarfarsákvæðum var ákærði inntur um afstöðu sína til sakarefnisins. Kvað hann brotaþola ljúga þessu upp á sig. Það hafi verndari hans sagt ákærða. Ákærði kvaðst muna eftir því að tveir unglingsstrákar hafi komið heim til hans með hulin andlit og ógnað honum en ekki unnið honum mein. Þetta hafi verið á árinu 2008.

Y kom, að kröfu verjanda ákærða, fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og lýsti atvikinu þannig að hann hafi verið úti að ganga með J, hundinn sinn, og verið á leið upp í V þar sem hann ætlaði að fara að synda. Hann hefði gengið með L og sleppt hundinum. Hundurinn hefði hlaupið frá honum og ráðist á mann sem hann mætti. Maðurinn hefði orðið mjög reiður og skammast mikið. Y hefði verið mjög miður sín og afsakað sig. Hundurinn hefði horfið en ákærði hefði jafnað sig og beðist afsökunar á hegðun sinni og boðið honum að koma með sér, sem Y kvaðst hafa gert. Ákærði hefði þá boðið honum pening, eitt þúsund krónur, sem hefði verið mikið fé þá. Ákærði hefði boðið honum smá vinnu og hefði Y elt ákærða heim til hans. Y kvaðst hafa farið inn í húsið og kvaðst muna eftir því að hafa farið inn ganginn í húsinu og innst í honum til vinstri hefði verið herbergi með fullt af dagblöðum. Kvaðst Y hafa ætlað að bera dagblöðin út og fundist það lítið mál fyrir greiðsluna, en ákærði hefði þá læst herbergishurðinni og Y þar inni. Kvaðst Y ekki hafa vitað hvað var í gangi en ákærði hefði komið aftur inn í herbergið og sagt Y að fara inn í svefnherbergi ákærða sem hefði verið beint á móti. Ákærði hefði sagt Y að fara úr fötunum og hefði Y hlítt honum. Ákærði hefði verið sallarólegur. Ákærði hefði sett Y upp á rúmið og sett lim sinn upp í munn Y. Hefði það ekki varað í langan tíma en þá hefði ákærði snúið Y við þannig að hann hefði legið með andlitið niður. Ákærði hefði sótt sleipiefni eða gel í skáp og sett á typpið á sér og á rassinn á Y. Í beinu framhaldi hefði ákærði sett liminn á sér inn í rassinn á Y. Hefði ákærði verið með liminn inni í sér í smá tíma alltaf með sömu hreyfinguna. Þá hefði hann sennilega áttað sig á því að þetta væri varla hægt og hætt. Ákærði hefði farið fram en Y kvaðst hafa legið mjög hræddur áfram á rúminu og ekki vitað hvað væri í vændum. Ákærði hefði komið aftur inn í herbergið með hníf í hendinni, sterkan kjöthníf, sveiflað hnífnum eitthvað fyrir framan hann og spurt hvort hann vildi ekki fara. Y kvaðst ekki hafa svarað fyrst og ákærði þá spurt hann aftur. Ákærði hefði farið með Y að bakdyrunum og sagt honum að hann mætti ekki segja nokkrum frá. Ákærði hefði sagt honum að hann hafi drepíð áður og gæti drepíð aftur ef hann segði frá. Brotaþoli kvaðst hafa hlaupið út í gegnum bílskúrinn og upp að L og verið þar smástund til að átta sig á því hvað væri í gangi og síðan farið heim til sín.

Y var spurður um sundskýluna hans sem fannst síðar í garði ákærða. Y kvaðst ekki muna hvernig það kom til, hann hefði líklega ekki farið í sundskýluna aftur þegar hann fór í fötin sín.

Y kvaðst hafa sagt fósturföður sínum fyrstum frá þessum atburði í byrjun janúar 2008. Þá hefði hann sagt N vini sínum frá þessu í sömu vikunni. Hefðu þeir ákveðið að fara heim til ákærða og myrða hann. Þeir hefðu hulið andlit sín og farið heim til ákærða og ruðst beint inn í eldhús. Þeir hefðu verið með hníf með sér en orðið hræddir og hætt við og farið út. Y kvaðst ekki hafa sagt öðrum frá þessu atviki áður en hann sagði föður sínum frá. Þ vinur hans hefði fundið sundskýluna í garði ákærða eftir atvikið. Y kvaðst ekki hafa þekkt ákærða fyrir atburðinn öðruvísi en svo að hann hafi verið [...]. Brotþoli kvað atburðinn hafa fylgt sér alla tíð. Hann hefði reynt að breyta sér í útliti, safnað síðu hári, sett hringi í andlit sitt og sífellt reynt að breyta sér. Y kvaðst hafa verið í fíkniefnaneyslu á þeim tíma er hann sagði föður sínum frá atvikinu. Ákærði hefði verið baktalaður í K og fólk verið hrætt við hann og því hefði Y líka verið hræddur við hann. Hann hefði þó ekki viljað vera leiðinlegur við hann þegar hundurinn beit hann og því farið að tala við hann og reynt að vera almennilegur við hann.

Móðir brotþola, O, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið til Íslands fyrst árið 1997 og kynnst G. Hún hefði síðan flust til landsins árið 1998 ásamt Y og tveimur systrum hans. Vorið 2001 hefðu þau flust til K. Y hefði í æsku verið mjög indælt barn og aðlagast verunni hér á landi vel. Y hefði breyst árið 2003. Hann hefði farið að lita hárið á sér og breytt útlitinu verulega og hefði hún misst allt samband við Y. Hann hefði verið mjög reiður og myrkur í sálu hans. O kvaðst muna daginn þegar Y fór með J með sér og ætlaði að fara að synda í V. Y hefði komið heim mjög miður sín og sagt henni frá því að hann hefði misst hundinn og hundurinn hefði bitið mann. Y hefði komið í miklu uppnámi til baka. Hún hefði skammað Y og talið að honum hefði liðið svona vegna hundsins. Kvaðst hún muna eftir júlunum 2007 en þá hefði Y verið með sjálfsvígshugmyndir. Þá kvaðst hún einnig muna vel þegar að Y sagði stjúpföður sínum frá misnotkuninni en G hefði vakið hana þá um nóttina og sagt henni frá því sem Y var að upplýsa hann um. Y hefði verið í miklu uppnámi. Kvaðst hún aldrei hafa séð Y eins niðurbrotinn og hann var þessa nótt. Í framhaldi hefðu þau haft samband við félagsmálastjóran í K. O kvaðst hafa vitað vel hver ákærði var, það hefðu allir í K vitað hver maðurinn var. O kvaðst ekki hafa getað beðið Y að segja sér frá misnotkunni með eigin orðum, heldur beðið hann um að skrifa niður það sem kom fyrir hann og hún hefði síðan lesið það. Y hefði lýst í bréfinu hvað hefði gerst með hundinn og að hann hefði farið með ákærða inn í hús hans þar sem ákærði hefði boðið honum peninga. Ákærði hefði læst hann fyrst inn í herbergi en síðan farið með Y inn í annað svefnherbergi. Fyrst hefðu munnmök átt sér stað og í framhaldi hefði ákærði notað eitthvert sleipiefni og haft við hann endaparmsmök. Þá hefði Y lýst í bréfinu hníf sem notaður var í sambandi við hótun. Þá hefði komið fram í lýsingu Y að hann hefði hlaupið upp í L eftir atburðinn og verið mjög illt í rassinum. Aðspurð kvaðst hún telja að Y hafi verið í sundskýlunni undir fötunum þegar hann fór að synda í V, það hefði hann yfirleitt gert. Þá staðfesti O að J hefði verið aflífaður stuttu eftir óhappið með hann árið 2003. O kvað Y hafa misst alla sjálfsvirðingu og sjálfsmat og sjálfstraust á árinu 2003. Hún minntist þess líka að Y hafi haft hugleiðingar um það þegar hann var þrettán og fjórtán ára að hann væri samkynhneigður en hann hefði hins vegar aldrei áður sýnt nokkra hegðun sem benti til að svo væri.

G, fósturfaðir brotþola, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa kynnst brotþola árið 1998 en þau hefðu flust til K árið 2001. Kvað hann brotþola hafa verið mjög erfiðan frá árinu 2003 og þar til hann sagði honum frá misnotkuninni í janúar 2008. Þá um nóttina hefðu þeir verið að ræða saman og brotþoli þá sagt honum að hann yrði að segja honum frá atviki sem hann ætlaði að treysta G fyrir. Brotþoli hefði þá sagt sér að honum hafi verið nauðgað án þess að lýsa því nokkuð nánar. Stuttu seinna um nóttina hefði hann lýst atvikinu fyrir honum. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi og grátið mikið. F kvaðst muna eftir deginum þegar brotþoli kom heim sumarið 2003 og sagt þeim að hann hefði týnt hundinum og að hundurinn hefði bitið mann. Hann hefði verið í miklu uppnámi þá. Hundinum hefði verið lógað stuttu eftir það. Brotþoli hefði sagt þeim hvern hundurinn beit en ákærði hefði aldrei kært atvikið. Aðspurður kvaðst hann hafa orðið var við mjög miklar breytingar á hegðun brotþola, hann hafi farið að hverfa að heiman og verið mjög erfiður. Þá hefði brotþoli verið tregur til að fara út að ganga með nýjan hund sem fjölskyldan eignaðist. Brotþoli hefði borið því við að það væri stór úlfur í L og skoraðist þannig undan því að fara með hundinn út. Brotþoli hefði fljótlega eftir þetta atvik viljað breyta sér, t.d. hefði hann viljað fá „dreadlocks“, hann hefði farið að gata sig sjálfur í andliti með nálum og engin leið hefði verið að fá brotþola ofan af þessu. Hann hefði sett lokka í augabrúnir, neðri vör og víðar. F kvaðst muna eftir því að brotþoli týndi sundskýlunni sinni. Þá kvaðst hann muna eftir því að vinir brotþola á þessum tíma hefðu fundið sundskýlu brotþola heima hjá ákærða og strítt brotþola með því. Hvenær það var kvaðst F ekki muna. Þá hefði brotþoli orðið fyrir einelti í skóla og miklir erfiðleikar hefðu verið með hann í skólanum.

P kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið vinur brotþola árið 2003. Þeir hefðu hins vegar ekkert samband í dag. Aðspurður kvaðst hann minnast þess að hann og vinkona þeirra hafi verið að leika sér í bakgarðinum heima hjá Q en bakgarðar heimilis hennar og ákærða lægju saman. Í bakgarði ákærða hefði verið gamalt garðhús og þau farið þar inn. Þar hefðu þau fundið sundskýlu brotþola liggjandi á gólfinu en hún hafi verið auðþekkjanleg. Þau hefðu ekki tekið skýluna en sagt brotþola frá því sem hefði orðið undarlegur við það. Þá hefði brotþoli verið búinn að segja sér áður að hann hefði týnt skýlunni sinni.

R kom fyrir dóminn og kvaðst hafa kynnst brotþola í grunnskóla og þeir verið leikfélagar þegar þeir voru yngri. Þeir væru ekki í neinu sambandi nú. Aðspurður kvaðst hann hafa séð sundskýlu brotþola í garðinum heima hjá ákærða. Hann, P og Q hefðu verið að leika sér í bakgarðinum hjá Q en bakgarður ákærða og bakgarður heima hjá Q lægju saman. Gamalt gróðurhús hafi verið í bakgarði ákærða sem var nánast bara grindin. Minnti hann að skýlan hafi legið á grasinu en ekki í skúrnum. Kvað hann brotþola hafa sagt sér á árinu 2005 að hann hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en hann hefði ekki lýst því neitt nánar. Minnti hann að brotþoli hefði sagt fleirum frá þessu en hann hefði beðið sig um að segja ekki frá þessu. Brotþoli hefði verið í fíkniefnaneyslu og þá hefði samband þeirra slitnað.

N kom fyrir dóminn og kvaðst hafa kynnst brotþola þegar þeir voru krakkar. Kvað hann brotþola hafa sagt sér á árinu 2008 að hann hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Brotþoli hafi sagt sér að hann hefði verið úti með hundinn J og misst hundinn. Hann hefði hitt ákærða, og ákærði hefði boðið honum vinnu og laun. Aðspurður mundi N ekki í hverju vinnan fólst, húshjálp eða garðvinnu. Í það skiptið hefði ákærði brotið kynferðislega á brotþola.

Tómas Zoega geðlæknir kom fyrir dóminn og staðfesti læknisvottorð sem hann ritaði um ákærða. Kvaðst hann hafa hitt ákærða. Kvað hann ákærða vel gefinn mann en með miklar ranghugmyndir. Frá því 1988 hafi ákærði ekki unnið úti við. Hann sé byggingafræðingur að mennt en hafi ekki unnið við það lengi. Kvað hann ákærða hafa neitað algjörlega sakarefninu. Tómas kvað ekkert benda til annars en að ákærði hafi verið með sömu ranghugmyndir árið 2003 og hafi verið með þær um áratuga skeið með svipuðum blæ. Um það hvort ákærði væri ósakhæfur kvað Tómas erfitt að segja til um það, ákærði hafi ekki viljað tala um þennan atburð en hann væri greinilega mikið veikur. Ákærði hafi skotið á nágranna sinn á árinu 1988 og hafi þá greinilega verið veikur en ekki veikari en það að hann miðaði á manninn en greinilega framhjá honum. Tómas kvað alveg ljóst að refsing í formi fangelsisvistar myndi ekki gagnast ákærða. Aðspurður um hvort ákærði myndi vita hvað hann væri að gera ef hann fremdi sams konar brot í dag kvað Tómas erfitt að meta það, hann væri alls ekki viss. Ákærði væri vel gefinn en væri algjörlega fastur í þeirri hugsun að honum væri stjórnað af gyðjum. Hann yrði vígður maður á næstunni að hans sögn, og þá yrði ekki hægt að snerta hann. Atferli ákærða snerist allt um það kerfi sem hann lifði eftir og hefði varað allavega frá því að hann flutti til K. Ákærði ætti dóttur sem væri tæplega fertug en ákærði skipti sér ekkert af henni. Ákærði stofnaði ekki til kynna við annað fólk. Tómas kvað það rétt að ákærði hefði svarað því, þegar hann skaut að manni, að hann hefði ætlað að drepa hann og gyðjurnar hefðu sagt honum að gera það. Aðspurður um það hvort ákærði væri meðvitaður um það hvað hann væri að gera, þegar hann fengi fyrirskipanir frá gyðjunum, kvað Tómas það mjög vel þekkt að fólk hlýddi þessum röddum. Ákærði væri ekki í neinu transástandi, hann væri með fullri meðvitund þegar hann heyrði raddirnar. Tómas taldi að ákærði væri vel meðvitaður um það að hann væri að framkvæma fyrirskipanir frá gyðjunum og að hann gæti vegið og metið að það sem hann gerði væri rétt eða rangt að einhverju marki. Sjúkdómur hans kæmi hins vegar ekki í veg fyrir að hann framkvæmdi eitthvað og þrætti svo fyrir það síðar. Þá kvað hann ákærða vera vissan um að hann hefði lifað algjöru skírlífi sl. þrjátíu ár.

Margrét K. Magnúsdóttir sálfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti greinargerð sem hún gerði varðandi brotþola. Kvaðst hún ekki hafa haft brotþola til meðferðar eftir júní 2008. Brotþoli hafi verið skemmtilegur einstaklingur en með sjálfseyðingarhvöt. Hann hafi haft sjálfskaðandi hegðun og viðtölin hafi ekki verið komin á það stig að ræða um kynferðisofbeldið. Brotþoli hafi ekki þolað við í K, hann hafi sífellt verið að tynast og strjúka og verið í tómu rugli. Hún hefði lagt próf fyrir brotþola og hann hafi toppað alla kvarða. Brotþoli tengi sjálfur öll sín vandamál því broti sem hann varð fyrir. Aðspurður um það hvort annað en kynferðisofbeldi gæti hafa verið orsakavaldur að hegðun hans, kvaðst hún ekki vita til þess að brotþoli hafi orðið fyrir nokkru öðru ofbeldi eða áfalli sem gæti skýrt ástand hans.

Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur gaf símaskýrslu fyrir dómnum og kvaðst hafa haft brotþola í viðtölum þegar hann var vistaður á Stuðlum. Brotþoli hafi verið í mikilli kannabisneyslu og hafi meðferðin og viðtölin að mestu snúið að þeim vandamálum en brotþoli hefði lítið rætt um kynferðisbrotið við hann. Kvaðst Þórarinn hafa ætlað sér að ræða það brot síðar við brotþola en erfitt væri að taka á slíkum brotum þegar unglingar væru inni á Stuðlum. Kvaðst Þórarinn telja að brotþoli hafi verið opinn og heiðarlegur varðandi vandamál sín við hann.

E félagsmálastjóri gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa haft afskipti af brotþola frá því í desember 2004 og frá þeim tíma hafi hún haft afskipti af honum, bæði vegna hegðunarvandamála svo og verið honum til halds og trausts í gegnum viðtöl í Barnahúsi sem og hafi hann verið í viðtölum hjá henni. Staðfesti hún skýrslu sína liggur frammi í málinu.

V.

#### ***Niðurstöður:***

Í máli þessu er ákært fyrir kynferðisbrot gegn tólf ára dreng í maí, júní eða júlí 2003 þannig að ákærði hafi látið brotþola hafa munnmök við sig og haft síðan samræði við hann í endaparm. Brotþoli gaf skýrslu í Barnahúsi þann 28. janúar 2008 og aftur fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins. Lýsti brotþoli atvikum á sama veg fyrir dóminum og í Barnahúsi. Var framburður brotþola, bæði í Barnahúsi og fyrir dóminum, í öllum atriðum trúverðugur. Samkvæmt framburði móður brotþola og fósturföður svo og öðrum gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn, er ljóst að á árinu 2003 hafi skapgerð og persónuleiki brotþola breyst mjög mikið til hins verra. Brotþoli hafi breytt útliti sínu, hann hafi sett göt í andlit sitt, safnað hári og breytt um fatastíl og samkvæmt brotþola gerði hann þessar breytingar á sér í þeim tilgangi að fela sjálfan sig og til þess að ákærði myndi ekki þekkja hann aftur. Þá staðfesti ákærði að tveir unglingar hefðu komið heim til hans á árinu 2008 með andlit sín hulin og hótað honum með hnífi. Ákærði hefur ítrekað neitað sök. Ákærði hefur hins vegar játað að hafa ætlað að drepa mann en skotið hafi geigað. Verjandi ákærða kvað ákærða hafa játað það brot greiðlega og lýst því að gyðjurnar hafi sagt honum að drepa manninn. Því væri engin ástæða fyrir ákærða að neita sök í þessu máli, hefði honum verið skipað að framkvæma þann verknað. Ekkert í málinu styðji þær ásakanir sem væru bornar á ákærða. Framburður brotþola hafi verið leið til þess að skýra þau vandamál sem hann hefði þegar verið kominn í í ársbyrjun 2008 og ekki hafi verið aftur snúið fyrir hann þegar hann var einu sinni búinn að segja þá sögu.

Í máli þessu verður ekki stuðst við annað en framburð brotþola og önnur óbein sönnunargögn, máli hans til stuðnings. Brotþoli var með hugmyndir um það, um þrettán til fjórtán ára aldur, að hann væri samkynhneigður. Sjálfsmat hans og sjálfsmynd er í molum og samkvæmt vottorði og vitnisburði Margrétar K. Magnúsdóttur sálfræðings, þá sé brotþoli afskaplega ráðvilltur og lýsi hugtakið „týndur“ ástandi hans vel. Aðspurð fyrir dómi kvað Margrét að ástand brotþola gæti verið eftir annað áfall en meint kynferðisbrot en það væri ekki vitað til þess að hann hafi lent í neinu öðru áfalli. Brotþoli kvað brotið hafa átt sér stað þegar hundur hans beit ákærða. Hundurinn J, sem brotþoli átti á þessum tíma, var aflífaður 12. júlí 2003 og að sögn foreldra hans í kjölfarið af því að hafa bitið mann. Afar ólíklegt er að tólf ára drengur hafi spunið slíka sögu upp, þar sem afleiðingin væri honum í óhag. Í það skiptið sagði brotþoli hundinn hafa bitið ákærða, en ákærði neitar því alfarið. Þá styður frásögn brotþola að sundskýla hans fannst í garði ákærða nokkru síðar svo og frásögn ákærða og J um að brotþoli og N fóru heim til ákærða í þeim tilgangi að vinna honum mein. Kvað N fyrir dóminum að það hafi verið vegna meintrar misnotkunar ákærða á brotþola. Þegar allt þetta er virt, þykir dóminum fram komin, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, full sönnun þess að ákærði hafi framið það brot sem hann er sakaður um í ákæru.

Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi en hún er réttilega færð til refsíákvæðis. Ákærði hefur unnið sér til refsingar. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum ekki verið gerð áður.

Í vottorði Tómasar Zoëga geðlæknis kemur fram að erfitt sé að meta hvort alvarleg geðveiki ákærða sé af því tagi að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum á þeim tíma sem meint brot sé talið hafa átt sér stað. Ákærði sé með mjög alvarlegan og langvinnan geðsjúkdóm, hafi ekkert sjúkdómsinnsæi og það sé borin von að refsing geti borið árangur ef sök sannist á hann. Tómas staðfesti þetta fyrir dómnum. Með vísan til þessa verður að telja að ekki liggi fyrir að ákærði hafi verið ósakhæfur skv. 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann framdi brot sitt. Hins vegar fellst dómurinn á það mat geðlæknisins að borin von sé að refsing í tilviki ákærða muni bera árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Með hliðsjón af 62. gr. almennra hegningarlaga verður ákærði því dæmdur til að sæta vistun á viðeigandi stofnun.

VI.

### ***Bótakrafan.***

Í málinu gerir Sigurður Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður kröfu, fyrir hönd brotþola, um 5.541.575 krónur auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 25/1987 frá tjónsdegi til þess dags er ákærða var kynnt bótakrafan, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Bótakrafan sundurliðast þannig:

Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	kr. 5.000.000.-
Málkostnaðar lögmanns	kr. 450.000.-
Virðisaukaskattur á málskostnað	kr. 106.575.-

Í greinargerð með bótakröfunni segir að brotþoli hafi átt við mikla erfiðleika að stríða frá því atburðurinn átti sér stað. Hann segi sjálfur frá að hann hafi aldrei aftur farið í þau fót sem hann var í í tilgreint sinn. Hann hafi byrjað að safna hári, sett í það „dreadlocks“ og reynt að vera einhver annar. Hann hafi átt við þunglyndi að stríða og líf hans hafi ekki orðið samt eftir þennan atburð. Þá er haft eftir móður brotþola að miklar breytingar hafi orðið á brotþola á árinu 2003. Þau hafi leitað til sálfræðings en það hafi ekki leitt til neins. Brotþoli hafi orðið erfiðari og erfiðari og farið að bera á einbeitingarskortu hjá honum. Á þessum tíma hafi hann breytt um stíl, farið að klæða sig öðruvísi, byrjað að klæðast svörtu, litað herbergið blóði, kastað rauðum slettum á einn vegginn. Hann hafi farið að meiða sig og gata sig. Á þessum tíma hafi brotþoli byrjað að fá reiðiköst, ofsareiði. Hann hafi efast um kynferði sitt og talið sig vera samkynhneigðan. Í skýrslu Margrétar K. Magnúsdóttur sálfræðings komi fram að niðurstöður sjálfsmatskvarða bendi til að brotþoli sé í mikilli geðlægd, hann sé haldinn kvíða, þunglyndi, reiði og truflandi hegðun. Sjálfsmat mælist langt undir meðaltalssvörum, hann sé á stöðugum flótta frá K vegna vanlíðunar þar og vondra minninga og hann sé einnig á flótta frá sjálfum sér með neyslu. Hann glími við fjölmörg vandamál sem oft megi sjá hjá þolendum kynferðisofbeldis; depurð, kvíða, tilfinningaleg vandkvæði, félagsleg vandamál, hegðunarvandamál, athyglis- og einbeitingarerfiðleika, sjálfskaðandi

hegðun og brotna sjálfsmynd. Þá segir að ljóst megi vera að sú kynferðislega misnotkun og hrottalega nauðgun sem brotaþoli hafi orðið fyrir hafi haft mikil áhrif á líf hans og valdið honum óbærilegum sársauka, andlegum og líkamlegum, brotið sjálfsmynd hans, valdið honum kvíða, þunglyndi og í raun gersamlega brotið hann niður.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Með vísan til 26. gr. skaðabótalaga á brotaþoli rétt til greiðslu miskabóta úr hendi ákærða. Umrætt brot átti sér stað sumarið 2003 en brotaþoli segir frá atvikinu í janúarbyrjun 2008. Í fjögur og hálf ár hefur brotaþoli því barist við afleiðingar brotsins án þess að hafa haft þroska til þess að takast á við þær. Brotaþoli á enga sögu fyrir þetta atvik um brotna sjálfsmynd eða aðra hegðunarbresti sem lýst hefur verið í gögnum málsins og kom fram fyrir dóminum. Verjandi ákærða kvað engin gögn liggja fyrir sem sýndu eða sönnuðu að andlegt ástand brotaþola væri afleiðing brotsins.

Margrét K. Magnúsdóttir sálfræðingur staðfesti fyrir dóminum að brotaþoli hefði sprengt alla skala varðandi hegðun hans, sjálfsmynd, sjálfskaðandi hegðun og fleira sem sannanlega sé afleiðing mikils áfalls. Þá staðfesti hún að það hafi hvergi komið fram að brotaþoli hafi lent í einhverju áfalli á lífsleiðinni sem gæti verið orsök að vandamálum hans nú. Þá staðfesti móðir brotaþola og fósturfaðir að miklar breytingar hafi orðið á hegðun brotaþola á árinu 2003 og sífellt stefnt til verri vegar frá þeim tíma.

Með hliðsjón af framangreindu telur dómurinn miskabætur til brotaþola hæfilega ákveðnar 1.500.000 króna sem ákærða ber að greiða honum eins og nánar segir í dómsorði. Brotaþoli á rétt á vöxtum frá þeim degi er tjónið varð. Í máli þessu liggur ekki fyrir hvenær nákvæmlega brotið átti sér stað. Samkvæmt gögnum málsins var hundurinn J aflífaður þann 12. júlí 2003 en samkvæmt fósturföður brotaþola var það gert nokkrum dögum eftir að hundurinn beit ákærða. Á brotaþoli því rétt á vöxtum í síðasta lagi frá þeim degi samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 25/1987 þar til mánuði eftir að ákærða var kynnt bótakrafan sem var 27. nóvember 2008 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

VII.

### ***Sakarkostnaður.***

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað sem hlotist hefur af málinu. Samkvæmt yfirliti ríkissaksóknara og reikningi Tómasar Zoëga vegna geðheilbrigðisrannsóknar er útlagður sakarkostnaður samtals 626.292 krónur. Þá ber að dæma ákærða til að greiða málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 557.760 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar 32.175 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, á rannsóknarstigi og fyrir dómi, samtals 752.976 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari flutti mál þetta af hálfu ákærvaldsins.

Ástriður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og Ásgeiri Magnússyni héraðsdómara.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti vistun á viðeigandi hæli samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 1.969.203 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 557.760 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar 32.175 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, við rannsókn málsins og fyrir dómi, samtals 752.976 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði Y 1.500.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 frá 12. júlí 2003 til 27. desember 2008 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ástriður Grímsdóttir.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

Ásgeir Magnússon.